



Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

Úrdráttur úr fundargerðum

Útgáfa nóvember 2004

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

Fundur 25. október

Aukafundur haldinn vegna fundar með þingmönnum kjördæmisins.

Bréf barst þar sem beðið var um sameiningu á tveimur jörðum í sveitarfélaginu og var hún samþykkt samhljóða.

Farið var yfir stöðu mála vegna fundar með þingmönnum kjördæmisins, sem haldinn var seinna sama kvöld á Vopnafirði. Sett var niður á blað helstu áhersluatriði svo sem sameiningarmál, atvinnuástand, framkvæmdir sem að sveitarfélagið þarf að fara í og fleira. Bréfið og skýrsla, sem send var sjávarútvegsráðuneyti, vegna byggðarkvóta úthlutunar verður afhent þingmönnum.

Fundur 31. október

Aukafundur vegna háhraðatengingar.

Borist hefur boð frá símamönnum um ADSLtengingu á Bakkafirði. Hreppsnefnd sendi Snerpu tölvubréf þar sem farið er fram á frest á vinnu þeirra þar til niðurstaða verður komin í málið. Ákveðið var að fara í gegnum lista umsækjenda og hafa samband við fólk með upplýsingar og undirskriftarlista.

Fundur 2. nóvember

Rætt var vítt og breitt um sameiningarmál.

Farið var yfir kostnaðaráætlun fyrir vatnsveitu til áramóta. Farið var yfir uppkast að samningi við verktaka.

Ekki er áhugi á áframhaldandi samstarfi í núverandi mynd, vegna slökkviliðsins. Það er athugandi ef fyrirkomulagi verði breytt.

Breyting verður á fyrirkomulagi á vigrar- og gjaldskrá hafnarinnar. Ákveðið var að lækka aflagjald úr 1,92% í 1,6%. Gjaldskráin verður endurskoðuð að öðru leiti.

Starfsemi Héraðsskjalasafns Austurlands var með svipuðu sniði síðasta ár og verið hefur, ekki er von á teljandi breytingum á rekstrinum.

Bréf bárust frá Sambandi íslenskra sveitafélaga (SÍS) þar sem tilkynnt er um endurgreiðslu virðisaukaskatts af slökkvibifreiðum og búnaði slökkviliða. Tilkynnt var um ráðstefnu SÍS og norræna fötlunarráðsins um aðgengi fyrir alla. Ákveðið var að senda ekki fulltrúa frá Skeggjastaðahreppi að þessu sinni. Tilkynnt var um fjármálaráðstefnu sveitarfélaga.

Bréf barst frá menntamálaráðuneytinu þar sem farið er fram á leikskóli verði ekki rekinn nema leikskólastjóri sé með leikskólakennaramenntun.

Bréf barst frá Menningarráði Austurlands ásamt skýrslu um úttekt á samstarfi sveitarfélaga um menningarmál og framlög menntamálaráðuneytis skv. samningi frá 14.05.2001.

Bréf barst frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna jöfnunar á tekjutapi sveitarfélaga í kjölfar breytinga á álagningarstofni fasteignaskatta, ásamt greiðsluáætlun gjalda.

Bréf barst frá félagsmálaráðuneytinu vegna tekjujöfnunarframlags Skeggjastaðahrepps sem er ekkert.

Bréf barst frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands (HAUST) vegna starfsleyfis vatnsveitu og öryggis neysluvatns og innra eftirlits vatnsveitna. Ákveðið að hafa samband við Maríu hjá Samorku vegna málsins.

Tekist hefur að ná tilskildum áskrifendafjölda að ADSLtengingu hjá Símanum. Samkvæmt símtali við Sævar hjá símamönnum verður tengt öðru hvoru megin við jól.

Fundur 8.nóvember

Haldinn var aukafundur.

Tilboð barst í vatnslögn fyrir vatnsveitu Skeggjastaðahrepps frá Set ehf., Reykjalundi og BYKO. Ákveðið var að taka lágsta tilboði sem var frá Set ehf., 855.200 kr. án virðisaukaskatts.